

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 110/1979. **Emil Pálsson**

(Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

**Vélsmiðjunni Faxa h/f**

(Þorvaldur Ari Arason hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramanir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júní 1979. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi ekki borið fyrir sig þann fyrirvara um ásigkomulag bifreiðarinnar X 825, sem hann gerði í afsali.

Við það verður að miða, að grind bifreiðarinnar hafi verið í mun lakara ásigkomulagi en vænta mátti eftir gerð bifreiðarinnar og aldri. Enn fremur má á það fallast, að þess hafi ekki verið að vænta, að forráðamaður stefnda kæmi auga á skemmdirnar á grindinni við skoðun sína. Skýtur 47. gr. laga nr. 39/1922 því ekki loku fyrir, að stefndi beri þær fyrir sig.

Fyrir Hæstarétti andmælir áfrýjandi ekki, að honum verði gert að bæta stefnda tjón hans, ef talið verði, að skemmdir á grind bifreiðarinnar hafi mátt dyljast fyrirsvarsmanni hans við skoðun. Verður áfrýjandi því dæmdur til að bæta tjón hans, án þess að skilyrði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 komi sérstaklega til álita. Með hliðsjón af því, að stefndi seldi bifreiðina síðar óviðgerða, svo og af verðlagningu hennar í viðskiptum aðilja þykja bætur þær, sem áfrýjanda verður gert að greiða, hæfilega ákveðnar að álitum 1.500.00 krón-

ur (nýkr.) með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma þeirra hefur ekki verið andmælt.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 3.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Emil Pálsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Faxa h/f, 1.500.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags og samtals 3.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Kópavogs 26. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. ágúst 1978, af Magnúsi Þórðarsyni héraðsdómsslógmanni f. h. Vélsmiðjunnar Faxa h/f, Smiðjuvegi 36, Kópavogi, gegn Emil Pálssyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 236.000 með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags auk alls málskostnaðar, þ. m. t. kr. 40.000 vegna matskostnaðar.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af stefnukröfum og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Samkvæmt skjölum og gögnum málsins eru atvik þau, að hinn 11. maí 1978 gerðu málsaðiljar með sér bílakaup fyrir milligöngu bílasölnunnar Bílavalis í Reykjavík. Keypti stefndi Chevrolet Impala fólksbifreið stefnanda fyrir kr. 1.700.000 og greiddi kaupverðið með peningum og víxlum kr. 700.000 og með því að stefnandi tók upp í kaupin fyrir kr. 1.000.000 stationsbifreið stefnda, X 825, af gerðinni Volvo 145, árgerð 1970. Bifreið þessa hafði stefndi eignast réttum mánuði áður í bílaskiptum. Hún hafði nýlega verið færð í gegnum aðalskoðun.

Skömmu eftir kaupin var farið með Volvo bifreiðina á verkstæði til þess að láta þar skipta um gúmmí á höggvara. Komu þá í ljós alvarlegar skemmdir á undirvagni. Voru báðir grindarbitar að framan gegnum ryðgaðir og brotnir.

Með símskeyti 29. maí 1978 krafði lögmaður stefnanda stefnda

um skaðabætur vegna galla á bifreiðinni. Fylgdi í kjölfarið kröfu-  
bréf. Stefndi vísaði bótaskyldu á bug með bréfi 2. júní 1978.

Með beiðni 14. júní 1978 óskaði stefnandi dómkvaðningar mats-  
manna. Segir svo í niðurlagi hennar:

„Þess er óskað, að matsmennirnir láti í té skriflegt og rökstutt  
álit á eftirfarandi:

1. Lýsing á frambitum, vinstra frambretti og vinstri framhurð.
2. Hvað kostar að gera við bifreiðina?
3. Hvað séu hæfilegar fébætur til matsbeiðanda fyrir hvern  
dag, sem hann verður af afnotum bifreiðarinnar?“

Hinn 23. júní 1978 voru dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs til  
að framkvæma hið umbeðna mat þeir Jan Jansen og Sigurgestur  
Guðjónsson bifvélavirkjameistarar.

Skiluðu þeir matsgerð, dagsettri 21. júlí 1978, en meginmál  
hennar hljóðar svo:

- „1. Við skoðun kom í ljós, að grindarbitar eru gegn ryðgaðir  
og brotnir og þar af leiðandi ónýtir, og þarf að endurnýja  
þá. Gert hafði verið við og soðið í vinstra frambretti, fyllt  
yfir með fyllingarefni og málað. Teljum við það vera við-  
gerð eins og tíðkast, að framkvæmd er á gömlum bifreiðum.  
Einnig hafði verið gert við vinstri framhurð, og teljum við,  
að þar sé um venjulega viðgerð að ræða.
2. Kostnað á viðgerð á bifreiðinni teljum við vera sem hér  
segir:
 

Grindarbitar, suða og annað efni .....	kr. 122.000.-
Vinna 40 klst. á 2.600.- pr. klst. ....	kr. 104.000.-
Samtals	kr. 226.000.-
3. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn eða annað, sem sýna  
væntanlega notkun bifreiðarinnar, og telja matsmenn sig  
því ekki í aðstöðu til að meta þennan lið. En hæfilegur við-  
gerðartími telst vera 5 dagar.

Matið fór fram við Vélsmiðjuna Faxa h.f., Smiðjuvegi 36 í  
Kópavogi, 13. júlí 1978. Viðstaddir voru ásamt matsmönnum þeir  
hr. Magnús Þórðarson lögmaður fyrir hönd Vélsmiðjunnar Faxa  
h.f. og hr. Björn Ólafur Hallgrímsson fulltrúi fyrir hönd fyrr-  
verandi eiganda.“

Matsmennirnir hafa báðir staðfest gerðina hér fyrir dómnum.

Þeir telja báðir, að greindar ryðskemmdir hafi átt langan aðdraganda.

Sigurgestur Guðjónsson segir í sinni skýrslu, að ryðskemmdir og brot á grindarbitanum hafi verið á grindarkjálkanum að framhverðu. Hann man ekki, hvort skemmdirnar voru meiri á annarri hliðinni, en segir, að þeir matsmennirnir hafi talið, að grindarramminn að framanverðu hafi verið alveg ónýtur. Sigurgestur tekur fram, að það hafi vakið furðu sína, að bíllinn hafi verið nýlega skoðaður. Áleit hann það vera alveg fráleitt, að bíllinn skyldi komast í gegnum skoðun. Hann minnir, að brotin hafi verið við hjólabitann og einnig aftast á grindarkjálkanum.

Sigurgestur segir aðspurður, að hann álíti, að venjulegur maður án nokkurrar sérþekkingar á bílum hefði ekki getað gert sér grein fyrir skemmdunum á grindinni og bitunum að framan við venjulega skoðun eins og tíðkist við kaup. Til þess að geta séð þetta fullkomlega þurfti að komast undir bílinn.

Hann tekur fram, að með því að beygja sig niður hafi verið hægt að sjá gat í grindarkjálkanum öðrum megin. Hann segir, að viðkomandi þurfti að vita, hvort slíkt gat ætti að vera eða ekki, til þess að geta gert sér grein fyrir þýðingu þess, þar sem ekki hafi verið ljóst fyrir venjulegan mann við skoðun, að umrætt gat hefði verið ryðgat. Hann tekur fram, að grindarkjálkinn hafi verið ryðgaður í gegn, þannig að sást í gegn.

Jan Jansen segir, að grindarbitarnir að framan hafi verið gegnumryðgaðir og brotnir við hvalbak. Hafi aðalskemmdirnar verið fyrir aftan hjólabitann, en hann ekki verið laus. Hann segir, að ryðgötin hafi verið slík, að stinga mátti hendi í gegnum. Hafi þau verið allt að 20—30 cm löng.

Hann segir það vera álit sitt, að venjulegur maður hefði getað séð umræddar skemmdir, ef hann hefði beygt sig niður og litið undir bílinn. Hafi skemmdirnar verið mjög áberandi og blasað við, ef horft var undir bílinn. Hann tekur fram í þessu sambandi, að sitt álit sé, að menn skoði almennt ekki þannig undir bíla á bílasölum, er þeir séu að kaupa.

Jan segir, að bíllinn hafi verið óvenjuilla farinn af ryði á umræddum stað miðað við aldur, þótt einn og einn bíll sjáist svona illa farinn.

Bjarni Gunnar Sveinsson, framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Faxe h/f, annaðist kaupin f. h. félagsins. Gaf hann skýrslu fyrir dóminum 17. janúar sl.

Bjarni skýrir svo frá, að síðastliðið vor hafi verið reynt að selja

fólksbifreið í eigu smiðjunnar, en bíll þessi var af gerðinni Chevrolet 1973. Var bíllinn hjá bílasölnunni Braut og hafði verið þar í 2—3 vikur, án þess hann seldist. Föstudaginn fyrir hvítasunnuhelgina, að hann minnir, var hringt frá bílasölnunni Bílavali og spurt, hvort bíllinn væri falur í skiptum og var nefndur Volvo station, árgerð 1970. Segir Bjarni, að bílasalinn, Þórhallur Ölver, hafi sagt, að bíll þessi væri í toppstandi. Kveðst Bjarni hafa farið á bílasölnuna og hitti þá stefnda, sem staðfesti það aðspurður, að bíllinn væri í fullkomnu lagi. Kveðst Bjarni hafa skoðað bílinn með því að ganga í kringum hann og gangsetti og aðeins hreyfði hann þarna á planinu fyrir framan. Að því búnu voru kaupin afráðin, og borgaði stefndi á milli í peningum og með víxlum á aðra.

Bjarni segir, að bílasalinn hafi boðist til að láta setja demparagúmmi í bílinn, en það var það eina, sem sagt væri að, þ. e. að það heyrðist í dempara. Var því bíllinn skilinn eftir á bílasölnunni, enda hafði hann ekki tók á því að fara með hann sama dag sökum anna. Eftir helgina eða þegar Þórhallur Ölver hafði látið setja í demparagúmmið, sagði hann þeim í vélsmiðjunni, að grindin að framan væri stórbiluð, þar sem grindarbitar væru brotnir.

Bjarni segist hafa séð undir bílinn í fyrsta og eina sinnið, er matsskoðun fór fram. Var þá búið að lyfta bílnum upp. Segist hann hafa séð, að grindarbitinn vinstra megin var brotinn, en ekki greinileg merki um ryðtæringu.

Hann segist aðspurður, að með því að leggja hart á stýrið til hægri og horfa upp í brettisskálina hafi mátt sjá brotna bitann vinstra megin að framan, þótt bíllinn stæði á jafnsléttu og án þess að lyfta honum upp. Þetta hafi hann staðreynt við matsskoðun.

Stefndi kom fyrir dóminn 25. s. m.

Hann skýrir svo frá, að hinn 10. apríl 1978 hafi hann keypt umræddan bíl í skiptum fyrir annan. Kveðst hann hafa ákveðið strax að selja bílinn aftur og koma honum í sölu á bílasölnunni á Höfðatúni, þar sem hann hafði keypt hann, svo og á Bílavali, Laugavegi 92, Reykjavík.

Réttum mánuði síðar komst hann í samband við stefnanda fyrir milligöngu Bílavals og kom með bílinn á sölnuna til þess að sýna hann og semja um hugsanleg kaup. Hafi hann þar hitt framkvæmdastjóra stefnanda, sem var með amerískan bíl til sölu, og varð það úr, að hann keypti þann bíl og lét Volvoinn upp í kaupverðið og borgaði á milli kr. 700.000 í peningum og víxlum.

Emil segir, að umræddur fyrirsvarsmaður stefnanda hafi skoðað bílinn og reynt hann í akstri, án þess að hann færi með. Hafi maðurinn spurt, hvað hann álitir um bílinn. Segist Emil hafa tjáð honum, að hann hefði átt bílinn mjög stutt og væri því ráðlegast fyrir hann að skoða bílinn sjálfur. Hann segist hafa vitað, að af hálfu stefnanda voru tveir menn, sem fjölluðu um kaupin, en hann talaði ekki nema við annan þeirra.

Emil segist ekki hafa vitað neitt um skemmdirnar á grind bílsins. Hafi hann ekki merkt neitt athugavert, er hann ók honum. Hann tekur fram, að hann hafi notað bílinn mjög lítið, enda átti hann aðra bifreið á þessum tíma.

Hann segist ekki muna til þess, að viðsemjandi sinn, Þorsteinn Þorsteinsson, lýsti Volvo bílnum nokkuð við þeirra kaup. Hafi hann fengið lýsingu á honum í samandregnu formi í gegnum síma frá bílasalanum. Hann segist hafa prófað bílinn í akstri og skoðað hann, en ekkert séð athugavert. Fannst honum bíllinn þokkalegur miðað við árgang.

Emil segir, að við kaupin hafi fyrirsvarsmanni stefnanda verið sagt það, ekki af sér, heldur af bílasalanum væntanlega, að setja þyrfti demparagúmmí á. Hafi framkvæmdastjórinn sagst ætla að láta sjá um það sjálfur. Segist Emil hafa sagt þeim á bílasölunni, að sér virtist sem vantaði demparagúmmí að aftan, þar sem skrölt var þar, að hann áleit. Hann segir, að bílasalinn hafi tekið að sér fyrir stefnanda að láta gera þetta.

Af hálfu stefnanda er því lýst yfir, að Bjarni Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóri hafi einn skoðað bílinn og fjallað um kaupin fyrir félagið. Hafi engir aðrir komið þar nærri frá þeirra hlið.

#### Málsástæður og lagarök.

Stefnandi grundvallar dómkröfur sínar á matsgerð þeirra Sigurgests Guðjónssonar og Jan Jansen. Telur hann, að með gerðinni, sem í engu hafi verið hnekkkt, sé sannað, að bifreiðin hafi verið haldin varanlegum leyndum göllum, sem stefndi beri bótaábyrgð á gagnvart sér. Styrki framburður matsmannanna ennfrekar þá staðhæfingu sína. Fjárhæð tjónsins nemi óvefengjanlega matsupphæðinni að viðbættum bótum fyrir afnotamissi. Það hafi enga stöð, sem stefndi hafi haldið fram við munnlegan málflutning, að ekki sé sannað, að hann hafi beðið tjón. Sjáist það best, er haft sé í huga, að bíllinn hafi verið seldur eins og hann var fyrir kr. 300.000 með gjaldfresti, en það sé 300—400 þúsund undir markaðsverði svona bíla í eðlilegu ástandi á sínum tíma. Kaup-

anda bílsins hafi eðlilega verið skýrt frá göllunum og sýnd matsgerðin.

Stefnandi leggur áherslu á það, að umræddir gallar hafi verið þannig og þess eðlis, að kaupandi hefði ekki séð þá, þótt hann gegndi skoðunarskyldu sinni óaðfinnanlega. Að öllum jafnaði fari menn ekki undir bíla til að skoða þar eða kíkja undir þá, er þeir skoði bíla við kaup. Beri hinum sérfróðu matsmönnum saman um það. Það sé fram komið, að ekki var unnt að sjá þessa galla og gera sér grein fyrir þeim, nema bílnum væri lyft eða kropsið væri niður og horft undir bílinn. Jafnvel þá væri ekki víst, að venjulegur maður án sérþekkingar varðandi bíla og málma og tæringu gæti gert sér fulla grein fyrir þeim. Bjarni Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóri hafi hvorki sér- né fagþekkingu varðandi bíla eða málmsmíði.

Af þessu sé ljóst, telur stefnandi, að bótaábyrgð hvíli á stefnda samkvæmt almennum reglum og 42. gr. kaupalaga, sbr. 47. gr. sömu laga.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína svo:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Bætur samkvæmt matsgerð .....   | kr. 226.000 |
| 2. Vegna afnotamissis í 5 daga, meðan á viðgerð stendur, kr. 2.000 á dag ..... | kr. 10.000  |

---

Samtals kr. 236.000

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því að benda á það í fyrsta lagi, að til grundvallar bílakaupum aðilja liggi skriflegur samningur. Í honum sé berum orðum sagt, að stefnandi hafi keypt bílinn í því ástandi, sem hann hafi verið í við kaupin og sem hann hafi kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Í annan stað sé alls ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessara kaupa. Beri þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfunu til greina. Í þriðja lagi telur stefndi, að um greinda galla sé þannig farið, að fyrirsvarismaður stefnanda hefði átt að sjá þá við skoðun. Sé því alfarið vísað á bug, að um leynda galla sé að ræða. Stefnandi, Vélsmiðjan Faxi h/f, búi yfir tækniþekkingu varðandi málma og tæringu. Stefndi eigi ekki að bíða halla af því, að stefnandi sendi á vettvang ófaglærðan mann til að annast kaupin.

Fram sé komið, að fyrirsvarismaður stefnanda hafi vanrækt skoðunarskyldu sína þrátt fyrir áskoranir stefnda um, að hann skoðaði bílinn vel. Verði stefnandi að bera hallan af þessari vanrækslu. Þar sem bílinn hafi verið bæði gamall og hrörlegur,

hefði það átt að sýna fyrirsvarsmanni stefnanda, að meiri og brýnni ástæða hafi verið til að skoða bílinn betur og vandlegar. Fram sé komið, svo óyggjandi sé, að með því að beygja sig niður og líta undir bílinn hafi vel mátt sjá umrædda galla, sem voru áberandi og blöstu við. Geti því stefnandi ekki borið fyrir sig þessa galla og krafist bóta, sbr. 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Stefndi mótmælir því sem ósönnu, að hann hafi lýst því yfir, að bíllinn væri í besta lagi. Hafi hann þvert á móti sagt, að hann hefði átt bílinn í stuttan tíma og því skyldi fyrirsvarsmaður stefnanda skoða hann vel sjálfur. Það sé og ósannað, að bílasalinn hafi lýst bílnum sem í toppstandi væri við Bjarna Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóra.

Þegar það sé virt, sem nú hafi verið sagt, kveður stefndi, að það hljóti að leiða til sýknu.

Álit dómsins og niðurstaða.

Bifreið sú, sem í málinu greinir, er ekki lengur í eigu stefnanda. Kom það fram í munnlegum málflutningi, að bíllinn hefði verið seldur í sama standi fyrir kr. 900.000 með gjaldfresti og væri kaupandi búinn að bæta úr göllunum og selja hann aftur. Hefur þess því ekki verið kostur að skoða bílinn í því ástandi, sem hann var í við kaup málsaðilja. Dómendur hafa því athugað bifreið af sömu gerð og hér um ræðir til frekari glöggvunar.

Það er álit dómsins, að við kaup notaðra bíla sé almennt ekki gerð skoðun á ástandi undir bílnum, nema eitthvað gefi tilefni til þess, svo sem skrölt, ódeyft vélarhljóð o. s. frv. Bifreið sú, sem hér um ræðir, leit allþokkalega út, að því er stefndi segir, en hún var u. þ. b. 7 ára. Bifreiðar af þessari gerð hafa ekki orð fyrir tiltakanlegar ryðskemmdir á undirvagni, þótt komnar séu þetta til ára sinna. Er því ekki að sjá, að þær aðstæður væru við kaupin, að sérstakt tilefni hefði verið fyrir kaupanda að huga nánar að ástandinu undir bílnum. Það er íhugunarefni í þessu sambandi, að þeir báðir, fyrirsvarsmaður stefnanda og stefndi, báru sig mjög líkt að, er þeir hvor um sig skoðuðu bílinn fyrir kaup, en hvorugur þeirra sá galla þá, er hér um ræðir.

Ekkert er fram komið, sem veitir nokkrar líkur fyrir því, að stefndi hafi vitað um gallana og vísvitandi leynt þeim við kaupin, enda er eigi byggt á því í málsútlitun stefnanda. Þó hafi stefndi átt bílinn í mánuð, er kaupin voru gerð.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, svo og framburðir hinna dómkvöddu matsmanna, sem að framan greinir, er það álit dóms-

ins, að gallar þeir, sem hér er um fjallað, séu þannig staðsettir og þess eðlis, að ætla megi með nokkurri vissu, að venjulegur kaupandi mundi að jafnaði ekki sjá þá við samvisskusamlega skoðun, svo sem tíðkast við kaup notaðra bíla. Verður því ekki talið, að ákvæði 47. gr. kauplaga nr. 39/1922 standi því í vegi, að stefnandi eigi bótarétt að heimta hjá stefnda.

Að framan er rakin matsgerð þeirra Sigurgests Guðjónssonar og Jan Jansen, en henni hefur í engu verið hnekkkt. Fallast má á það með stefnanda, að hann hafi beðið tjón við kaup þeirra stefnda, sem nemi fjárhæð þeirri, sem matsmenn telja, að kosta muni að bæta úr umræddum göllum, þ. e. kr. 226.000. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar auk umkrafðra vaxta, en eigi þykja vera efni til að taka til greina kröfu stefnanda um bætur, kr. 10.000, vegna afnotamissis.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þ. m. t. matskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 149.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Braga Sigurjónssyni bifvéla-virkjameistara og Ragnari Valssyni bifreiðasmíðameistara.

#### Dómsorð:

Stefndi, Emil Pálsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Faxa h/f, kr. 226.000 með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags og kr. 149.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 253/1981. Ákærvaldið

gegn

**Davíð Ólafssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.